

Sent 2. maí 2024

Efni: Fjárhagsáætlun 2025 - 2029 - Tillaga að úthlutun fjárheimilda

Tilvísun í mál: FAS24010022

Sæl ágætu sviðsstjórar og skrifstofustjórar í miðlægri stjórnslu

Tillaga að úthlutun fjárheimilda var samþykkt á fundi borgarráðs í dag 2. maí. Með samþykktinni felur borgarráð stjórnendum fag- og kjarnasviða og miðlægra skrifstofa að hefja vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára. Úthlutun fjárheimilda vegna ársins 2025 tekur mið af nýju verklagi sem byggir á fjármálastefnu Reykjavíkurborgar, gildandi fimm ára áætlun og fjárhagslegu svigrúmi við úthlutun fjárhagsramma. Sjá nánar í greinargerð með tillögu að úthlutun fjárheimilda.

Næstu skref við undirbúning fjárhagsáætlunar 2025 felast í því að svið og fagråd forgangsráða verkefnum næsta árs innan úthlutaðra fjárheimilda og kynni fyrir borgarstjóra og fjármálahópi 19. júní n.k. Skv. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þá er sveitarfélagi skylt að annast þau verkefni sem þeim er falið í lögum og því er mikilvægt að forgangsröðun verkefna taki mið af því.

Samhliða undirbúningi stjórnenda með fagráðum að forgangsröðun innan ramma verða eftirfarandi verkefni rýnd sérstaklega undir forystu viðeigandi sviðstjóra; Úthlutunarlíkan grunnskóla, áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða, vetrarþjónusta borgarinnar og rekstur nýrra upplýsingakerfa og þjónusta við þau. Gert er ráð fyrir að þessi rýning verði einnig kynnt þann 19. júní n.k.

Vakin er athygli á því að viðaukar næsta árs verða einungis lagðir fram vegna stefnumarkandi verkefna borgarstjórnar og því þurfa sviðin að gera ráð fyrir einhverju svigrúmi til að mæta ófyrirséðum kostnaði.

Eins og fram hefur komið þá er gert ráð fyrir að sviðin kynni fyrir borgarstjóra og fjármálahópi með hvaða hætti þau hyggjast rúma sinn rekstur innan útgefna fjárheimilda. Þar gefst einnig tækifæri til að fara yfir forgangsröðun á verkefnum, áherslum og breytingum á þjónustu og/eða verkefnum eftir því sem á við.

Meðfylgjandi er að finna eftirfarandi fylgiskjöl;

1. Tíma- og verkáætlun, dags. 27. mars 2024
2. Forsendur fjárhagsáætlunar 2025-2029, dags. 29. apríl 2024
3. Tillaga að úthlutun fjárheimilda 2025, samþykkt í borgarráði 2. maí 2025

Með góðri kveðju og von um ánægjulegt samstarf við gerð fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar Reykjavíkurborgar 2025-2029.

Erik Tryggvi Striz Bjarnason

Skrifstofustjóri

Skrifstofa áætlana- og hagsmála

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Beinn sími: +354 411-3782

Netfang: erik.tryggvi.striz.bjarnason@reykjavik.is